



Reykjavík, 15.05.18

Stjórn Landsambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) hefur ákveðið að skipa nefnd um endurskoðun ákvæðum í lögum LSS er varða vægi atkvæða og fjölda þingfulltrúa á aðalþingi félagsins.

Í nefndinni sitja:

| | |
|-------------------------|----------------------------------|
| Anton Berg Carrasco | Slökkviliði Akureyrar |
| Ásmundur Páll Hjaltason | Slökkvilið Fjarðarbyggðar |
| Bjarni Ingimarsson | Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins |
| Gunnar Baldursson | Grindavík sjúkraflutningar |
| Gunnar Jón Ólafsson | Brunavarnir Suðurnesja |
| Hlynur Kristjánsson | Slökkvilið Ísafjarðar |
| Jón Þór Jóhannsson | Brunavarnir Árnessýslu |
| Hermann Maggýarson | Heilbrigðisstofnun suðurlands |
| Óli Ragnar Gunnarsson | Slökkviliðsmaður á eftirlaunum |

Með nefndinni starfar Magnús Smári Smárson varaformaður LSS en hlutverk hans er að boða fyrsta fund nefndarinnar og er tengiliður nefndarinnar við stjórn LSS, varaformaður mun ekki sitja fundi nefndarinnar.

Verkefni nefndarinnar verða eftirfarandi.

1. Fara yfir núverandi lagagreinar LSS er varða útreikning á fjölda þingfulltrúa frá einstaka deildum á aðalþingi félagsins. Koma með tillögur að breytingum með það að markmiði að jafna vægi atkvæða milli ólíkra hópa félagsmanna.
2. Fara yfir núverandi verklag og lagagreinar varðandi kjörbréf, kosningu fulltrúa innan deilda og hvernig haga skal talningu á félagsmönnum innan einstaka deilda.
3. Fara yfir núverandi lagagreinar LSS er varða einstaka deildir félagsmanna og koma með tillögur að lagabreytingum sem endurspeglar núverandi starfandi deildir.

Gert er ráð fyrir að nefndin skili fullbúnum lagabreytingatillögum eða eftir atvikum öðrum undirbúningsskjölum lagabreytinga eigi síðar en 30. september 2018.

Á fyrsta fundi nefndarinnar kjósa nefndarmenn formann og ritara. Formaður stýrir fundum og er í samskiptum við stjórn og boðar fundi nefndarinnar. Gert er ráð fyrir að nefndin hittist 2-3 sinnum á tímabilinu maí-október.

Ritari skal rita fundargerðir, eftir að hann er kjörin skal hann hafa samband við Hermann framkvæmdastjóra varðandi leiðbeiningar um ritun góðra fundargerða.



Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum en skilar fundargerðum til stjórnar. Nefndin getur eftir atvikum óskað eftir liðsinni starfsmanna LSS, stjórnarmanna eða annarra sem þeir telja geta veitt ráðgjöf. Öll fjárútlát þarf framkvæmdastjóri LSS að samþykkja. Hann óskar eftir heimild stjórnar sé þess þörf.

Ekki er greidd þóknun fyrir setu í nefndinni en kostnaður vegna ferðalaga er greiddur af LSS, er þá miðað við flug, gistingu og uppihaldi fyrir nefndarmenn. Uppihaldi skal haldið í lágmarki og bókanir skulu fara í gegnum skrifstofu LSS. Stjórn LSS mun leitast við í samstarfi við rekstaraðila að nefndarmenn geti setið fundi nefndarinnar og fái leyfi frá vinnu.

Nefndin ákveður sér fundarstað en getur leitað liðsinnis skrifstofu LSS ef þurfa þykir.

Fh.stjórnar LSS

Magnús Smári Smáráson varaformaður